

RÖKSTUÐNINGUR

Þann 2. apríl 2013 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, Stefán Thors ráðuneytisstjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Þriggja manna ráðgefandi hæfnisnefnd var skipuð með erindisbréfi þann 8. janúar sl. í samræmi við 19. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, sbr. reglur nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands.

Embættið var auglýst laust til umsóknar þann 12. janúar sl. Áætlun um ráðningarferlið, sem byggð var meðal annars á reglum nr. 393/2012 var staðfest af ráðherra 28. janúar.

20 sóttu um embættið og var unnið samkvæmt eftirfarandi ferli sem skiptist í fjögur þrep.

1. *Fyrsta mat* byggðist á matsramma sem tilgreindi sex viðmið sem leiða mátti af auglýsingu um starfið og sem talið var unnt að meta út frá skriflegum gögnum. Hver og einn hæfnisnefndarmaður mat allar umsóknirnar út frá þessum viðmiðum og gaf hverjum umsækjanda stig á hverju þeirra. Í kjölfar fyrsta mats var ráðherra send áfangaskýrsla frá hæfnisnefndinni og átta umsækjendum boðið til viðtals hjá nefndinni.
2. *Annad mat* byggðist á níu viðmiðum sem leiða mátti af auglýsingu um starfið. Matið fólst í stöðluðu viðtali hjá hæfnisnefndinni þar sem hver umsækjandi svaraði 22 spurningum um framtíðarsýn, fyrri störf, menntun, þekkingu, færni og starfsnálgun. Nefndarmenn mátu frammistöðu aftur sjálfstætt, með stigagjöf á hverju viðmiði. Í kjölfar annars mats var ráðherra send áfangaskýrsla frá hæfnisnefndinni og fimm einstaklingum var boðið að gangast undir verklega æfingu til að leggja nánara mat á leiðtoga- og samskiptahæfileika.
3. *Þriðja mat* beindist að leiðtogafærni og hæfni í mannlegum samskiptum. Notuð var stöðluð verkleg æfing þar sem umsækjendur þurfa í hlutverkaleik að stýra þremur einstaklingum og sýna bæði leiðtoga- og samskiptafærni. Hæfnisnefndarmenn mátu frammistöðu í þessari æfingu út frá tveimur víddum, þ.e. færni í stjórnun og leiðtogaþæfileikum annars vegar og færni í mannlegum samskiptum og tjáningu hins vegar. Í kjölfar annars mats sendi hæfnisnefndin ráðherra lokaskýrslu þar sem greint var frá þeirri niðurstöðu nefndarinnar að tveir umsækjendur stæðu sterkast að vígi og væru líklegastir til að ná árangri í embætti ráðuneytisstjóra umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hæfnisnefndin lagði til að ráðherra myndi boða þau til viðtals þar sem farið yrði nánar yfir framtíðarsýn þeirra fyrir ráðuneytið og málaflokka þess.
4. *Fjórða mat* var viðtal hjá ráðherra þar sem umsækjendurnir tveir voru beðnir að undirbúa stutta kynningu um framtíðarsýn sína fyrir ráðuneytið og svara samræmdum spurningum varðandi umhverfis- og auðlindaráðuneytið og stofnanir þess og hlutverk ráðuneytisstjóra.

Niðurstaða ráðherra er sú að skipa Stefán Thors í embætti ráðuneytisstjóra í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Niðurstaðan byggist á heildstæðu mati ráðherra með hliðsjón af skýrslum hæfnisnefndarinnar, frammistöðu í lokaviðtali og þ. á m. þeirri framtíðarsýn sem kynnt var í lokaviðtalinu og svörum umsækjenda við þeim samræmdu spurningum sem lagðar

voru fyrir þá m.a. varðandi hlutverk ráðuneytisins, skipulag ráðuneytisins og stofnana, samstarf við stofnanir og þá aðila í samfélaginu sem leita til ráðuneytisins hverju sinni. Við skipun Stefáns Thors í embætti ráðuneytisstjóra eru kynjahlutföll jöfn innan hóps ráðuneytisstjóra innan Stjórnarráðsins og kynjaskipting meðal skrifstofustjóra innan umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er jafnframt jöfn.

Stefán Thors útskrifaðist með meistaragráðu (diploma) frá skipulagsdeild Arkitektaskólans í Kaupmannahöfn árið 1976, að loknu sex ára háskólanámi og lagði stund á viðbótarnám í skipulagsfræðum í Stokkhólmi árið 1978 og hefur sem skipulagsstjóri sótt fjölmörg námskeið m.a. á sviði stjórnunar og verkefnastjórnunar. Hann hefur starfað hjá opinberum skipulagsyfyrirvöldum frá árinu 1976, að frátöldum fjórum árum sem hann vann sjálfstætt við ráðgjafarþjónustu í skipulagsmálum. Hann var skipaður skipulagsstjóri ríkisins árið 1985 og forstjóri Skipulagsstofnunar 1. janúar 2011. Alls hefur hann því rúmlega 27 ára farsæla stjórnunarreynslu hjá hinu opinbera, sem meðal annars kemur fram í því að Skipulagsstofnun var í öðru sæti í sínum stærðarflokki í vali SFR á stofnun ársins 2012. Meðal mikilvægra þátta í reynslu hans má nefna náið samstarf við ráðuneyti, ríkisstofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um land allt. Þá hefur hann í störfum sínum stöðugt fjallað um viðfangsefni þar sem meta þarf vægi milli verndunar- og nýtingarsjónarmiða, sem segja má að sé kjarninn í starfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sem skipulagsstjóri og forstjóri hefur Stefán frá upphafi tekið þátt í samráði forstöðumanna stofnana sem heyra undir ráðuneytið og þekkir því vel til flestra verkefna ráðuneytisins. Þá hefur hann fyrir hönd þeirrar stofnunar sem hann hefur stýrt tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi.

Eftirfarandi er hluti umsagnar um Stefán Thors í lokaskýrslu ráðgefandi hæfnisnefndar:

„Stefán hefur langa og farsæla stjórnunarreynslu í undirstofnun ráðuneytisins, þar sem tekist er á við flókin stjórnsýsluverkefni. Menntunarbakgrunnur hans er ekki sérstaklega sniðinn að starfinu, en reynslan gefur honum yfirgripsmikla þekkingu á verkefnasviði ráðuneytisins. Framtíðarsýn Stefáns varðandi uppbyggingu og verkefni nýs ráðuneytis er mjög skýr og hann er sterkur greinandi sem á auðvelt með að ná yfirsýn. Tungumálakunnátta var mjög góð. Byggt á bæði viðtali og verklegri æfingu virðist hann hafa styrkleika bæði hvað varðar leiðtoga- og stjórnunarferni annars vegar og mannleg samskipti og tjáningu hins vegar.“